

Alþingi
Erindi nr. P 130/1553
komudagur 25. 3. 2004

Stefán Árni Auðólfsson

From: Þórður Skúlason [Thordur@samband.is]
Sent: 25. mars 2004 19:22
To: Hjálmar Árnason
Cc: Stefán Ámi Auðólfsson
Subject: Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Til Hjálmars Árnasonar, formanns félagsmálanefndar Alþingis.

Óskað er eftir að erindi þetta berist inn á fund félagsmálanefndar Alþingis sem nú stendur yfir og verði kynnt nefndarmönnum.

Sambandi Íslenskra sveitarfélaga er kunnugt um breytingartillögu Guðjóns Bragasonar lögfræðings í félagsmálaráðuneytinu við 10. gr. frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Sambandið er algjörlega andvíg b. lið breytingartillögunnar. Það er með öllu óásættanleg að þessi breyting verði gerð í andstöðu við Samband Íslenskra sveitarfélaga.


Sambandið leggur til eftirfarandi breytingu á 10. gr. frumvarpsins en hún er hliðstæð ákvæðum 12. og 17. gr. raforkulaga.

a. 1. mgr. 10. gr. verður svohljóðandi:

Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.-7. gr. þessara laga. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og afskriftum auk arðgreiðslna til eigenda. Einnig skal miða við að veitan geti lagt til hliðar nægilegt fjármagn til að tryggja eðlilega uppbyggingu eigin fjár veitunnar sem mæta á meiriháttar viðhaldi og stofnframkvæmdum samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri vatnsveitna sinna og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra, sbr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Arðsemi vatnsveitu skal þó að jafnaði ekki vera hærrí en 2 prósentustigum umfram stýrivexti Seðlabanka Íslands og reiknast sem hlutfall rekstrarafgangs fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.

Samband íslenskra sveitarfélaga mótmælir því harðlega að ákvæði um arðgreiðslumarkmið verði nú á mikilli hraðferð færð inn í þetta frumvarp í andstöðu við sveitarfélögin. Slíkt ákvæði getur haft mjög alvarlegar afleiðingar m.a. á aðra löggjöf. Alþingi hlýtur að hafa það að markmiði að samræmis sé gætt um slík ákvæði í lögum almennt. Verði ekki fallist á breytingartillögu sambandsins við 10. gr. frumvarpsins er lagt til að ekkert verði fjallað um arðsemi í þessu frumvarpi. Betra er að slá þeirri umræðu á frest og leita leiða til að ná um það samkomulagi við sveitarfélögin í landinu.



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri
Beint innval: 515 4910 // gsm 897 8405
Netfang: thordur@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100

25.3.2004